

Hafnarfjarðarbær
Innk: 18/2 2016
Málsnr: 1303252
Bréfat: 021



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 17. febrúar 2016  
Tilv.: IRR15090098/17.2

Efni: Drög að hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn


Ráðuneytið vísar til bréfs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 24. nóvember 2015, um drög að breyttri hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn. Í bréfinu eru m.a. gerðar athugasemdir við að ráðuneytið leiti álits Samgöngustofu og Vegagerðarinnar vegna reglugerðarinnar.

Ráðuneytið fellst ekki á þann skilning Hafnarfjarðarbæjar að óþarft sé að leita álits framangreindra stofnana. Skýrt er kveðið á um hlutverk Samgöngustofu og Vegagerðarinnar í 4. gr. hafnalaga, auk þess sem upptalning 1.-5. tölul. 1. mgr. ákvæðisins er ekki tæmandi um þau atriði sem hægt er að mæla fyrir um í hafnarreglugerðum.

Ráðuneytið ítrekar fyrri afstöðu sína að ekki sé hægt að staðfesta drögin að óbreyttu ákvæði 4. gr. draganna sem fjallar um starfs- og valdsvið hafnarstjóra. Í 1. mgr. þeirrar greinar segir að hafnarstjóri sé skipaður af hafnarstjórn, að fenginni tillögu bæjarstjóra og hafnarstjóri heyri undir bæjarstjóra og fari með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Það ákvæði gengur í bága við 13. gr. hafnalaga, sem fjallar um stjórnun og rekstur hafna með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurbergur Björnsson

  
Björn Freyr Björnsson